


Listapósturinn



Unnið að uppsetningu sýningarinnar á íslenskri alþýðulist á Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir:

Íslensk alþýðulist á ári aldraðra

Myndlistarsýning í tilefni af ári aldraðra opnar á Kjarvalsstöðum á laugardag. Sýning þessi er sett upp á vegum þingkjörinnar nefndar í tilefni af ári aldraðra og öldrunarráðs. Sýningin er á íslenskri alþýðulist, og þarna er að finna stærsta samansafn af malvistum, sem sýnt hafa saman á Íslandi. Meðal þeirra má nefna Ísleif Konráðsson, Grímu (Ólöfu Grímeu Þorlákssdóttur), Sölva Helgason (hinn eina sanna), Óskar Magnússon, Blómeyju Stef-


ánsdóttur, Jón Hróbjartsson, Gísla Jónsson, Halldór Stefánsson og Eggert Magnússon. Þá heildra hinar öldnu kempur Asmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson sýninguna með verkum sínum. Auk þess verða sýndir ýmsir gripir úr tré, járn, steini og fleiri efnum, gerðir af hagleiksólki víða um land.

Sú nýjung verður á sýningunni, að sýnt verður myndbandaprógram með viðtölum við aldraða

úti á landi og sýnd vinnubrögð þeirra.

Í tengslum við sýninguna verður mikið um að vera á Kjarvalsstöðum. Verður m.a. efnt til ráðstefna og málþinga, auk annarra uppákoma.

Sýningarnefndin er skipuð þeim Sverri Kristjánssyni, Friðriki G. Friðrikssyni, Aslaugu Sverrisdóttur, Eggerti Asgeirsyni, Finni Fróbasyni og Hrafnhildi Shram, en þau síðasttöldu sáu um að setja sýninguna upp.



Otto Grimm og verk hans Durch ein Versprechen gebunden.

Svissnesk list í Nýlistasafni

Svissneski myndlistarmaðurinn Otto Grimm opnar sýningu í Nýlistasafninu við Vatnssstíg í kvöld, föstudag. Í samtali við Helgarpóstinn sagði Otto, að hann ætlaði að sýna teikningar, málverk, tréverk og ljósmyndir.

Otto fæddist í borginni Suhr í Svisslandi og nam hann myndlist í heimalandi sínu, og síðan í Jan van Eyck akademíunni í Maastricht í Hollandi. Þetta er í fyrsta skipti, sem hann sýnir á Íslandi, en áður hefur hann haldið fjölda

sýninga, m.a. í Zürich, Basel, Montreux og víðar. A síðastliðnum vetri dvaldi hann í Paris og hlaut til þess styrk frá svissneska ríkinu.

Myndirnar, sem hann sýnir hér, gerði Otto á síðasta ári og þessu, og sagði hann í samtali, að erfitt væri fyrir sig að lýsa þeim með orðum, fólk yrði bara að koma og sjá þau. Sýningin stendur til mánaðamóta.

Leiklistarstjóri útvarpsins:

Staðan auglýst í sumar

Nú í vor lét Klemens Jónsson af störfum sem leiklistarstjóri útvarpsins. Staða hans hefur enn ekki verið auglýst laus til umsóknar og hefur flogið fyrir að ætlu útvarpsmanna sé að leggja þetta embætti niður og setja starfssvið þess undir dagskrárdeild.

Ekki vildi Andrés Björnsson útvarpsstjóri kannast við þetta þeg-

ar Helgarpósturinn bar málið undir hann. — Klemens er nýhættur og það er bara ekki búið að auglýsa stöðuna enn. Eg geri ráð fyrir að það verði gert í sumar. Nú er maður settur í starfið, Óskar Ingimarsson sem undanfarið hefur verið aðstoðarmaður Klemens, og gegnir hann því þangað til skipað verður í stöðuna, sagði útvarpsstjóri.

—PH

Skurðlæknirinn, tannlæknirinn og leikstjórinn:

EKKI FÆÐAST ALLIR EINS

Tónabíó:

Sverðið og seiðskrattinn (The Sword and the Sorcerer). Bandarísk kvikmynd, árgærd 1981. Handrit: Albert Pyun og tveir aðrir. Leikendur: Richard Lynch, Lee Horseley, Katheline Beller, George Maharis, Anna Björnsdóttir. Leikstjóri: Albert Pyun.

Sumir eru fæddir skurðlæknar, aðrir tannlæknar, en

heldur að sviðsetja bardagasenur þannig að eitthvert vit sé í. Það er næstum því eins og allt hafi verið gert með tíu þumalputtum. Eins og við má búast, sýna leikarar litil tilþrif í dramatískri túlkun, enda handritið of heimskulegt til þess að svo mætti vera. Hér er mest lagt upp úr líkamlegri hreyfni, og margir leikaranna eru greinilega mjög fitt.

Kvikmyndir

eftir Guðlaug Bergmundsson og Jón Axel Egilsson



svo mikið er víst, að ekki hefur Albert Pyun stokkið sem alskapaður kvikmyndaleikstjóri úr móðurkviði. Og fátt bendir til þess, að hann eigi nokkurn tíma eftir að verða það, a.m.k. ef marka má þá afurð hans, sem okkur er boðið að sjá í Tónabíói þessa dagana.

Fyrir það fyrsta, er efni myndarinnar eins ófrumlegt og nokkuð má vera. Vondi kóngurinn ræðst inn í paradísarkóngríkið og drepur allt, sem hönd á festir. Yngsti sonur góða kóngsins kemst þó undan og hyggur á hefndir. Inn í þetta blandast svo einhverjir fánlegir galdrar. Réttlætis sigur svo að lokum.

Í öðru lagi, kann Albert Pyun ekki að stjórna leikurum né

í þriðja lagi er þetta síðan hundleiðinleg mynd.

En leiðinleg, eða ekki leiðinleg, léleg, eða ekki léleg, SOS virðist ganga í áhorfendur, ef marka má skjal nokkurt, sem hangir í bíðsal bíðsins. Hvað segir ekki amerískt dagblað: Mynd, sem sigrar með því að falla almenningi í geð.

Hver sagði svo almenningi, að þetta væri mynd fyrir hann? Varð það almenningur sjálfur, eða var það auglýsingaherferð framleiðandanna?

Að lokum þetta: Í myndinni eru fallegir litir og nokkuð er um fallegar stelpur. Þá er hasar og blóð, kossar í litlum mæli og meira gefið til kynna, o.s.frv. Sem sagt: mynd fyrir alla. GB

Ekki er allt sem sýnist

Regnboginn: Sólin var vitni (Evil under the Sun). Ensk. Árgærd 1981. Leikstjóri Guy Hamilton. Handrit: Anthony Shaffer. Aðalleikari: Peter Ustinov.

Peter Ustinov er aftur kominn á kreik sem Hercule Poirot og jafn óborganlegur sem áður. Peter kemst eflaust næst því að sýna okkur Poirot eins og Agatha hugsaði sér hann: sjálfumgláðan litinn nagg, þreytandi en aldrei leiðinlegan.

Það eina sem hægt er að fetta fingur út í við þessa mynd er, að hún er eftir einni af þeim sögum Agóthu sem byrja á atviki sem síðar tengist sögunni. Þessar sögur hennar hafa verið mjög vinsælar til kvikmyndunar, hverju svo sem það sættir.

Að öðru leyti er myndin góð kvöldskemmtun og þarna er eflaust kominn sá still á sögur sem við fáum að sjá í framtíðinni, björt mynd í fallegu umhverfi, þar sem yfirstéttarfolkið dundar sér við að drepa hvert annað.

Söguþráðurinn er það flókinn



að engum nema Hercule Poirot tekst að leysa hann, þó gráu frumur áhorfenda séu eflaust á fullu. Og ekki má gleyma þeim úrvals hópi enskra leikara sem skapa aðalpersónur Agóthu. Þar er valinn maður í hverju rúmi.

En þrátt fyrir góða kvikmyndun, fallega búninga og rétta tímasetningu situr smáatvik eftir: Hvaðan kom álpappirinn?

JAE